

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 3. apríl 2025 kl. 20:00.

Yfir 50 austfirskar konur mættu á aprílfund félagsins 3. apríl sl.

Á fundinn kom Sigurþóra Bergsdóttir framkvæmdastjóri Bergsins Headspace til að veita viðtöku styrk til starfseminnar að upphæð kr. 250.000,-, samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins í mars síðastliðnum.

Sigurþóra skýrði frá starfsemi samtakanna og því mikilvæga starfi sem þar er unnið í þágu barna og ungmenna. Vonandi á styrkurinn eftir að koma sér vel fyrir Bergið Headspace.

Mjög gefandi að félagsstarfið leiði af sér fjárstuðning til góðra málefna.

Styrkur að upphæð kr. 250.000,- sem félagið samþykkti einnig á aðalfundi félagsins, til nýrrar starfsstöðvar Píeta samtakanna, á Reyðarfirði verður afhentur við fyrsta tækifæri og verður frá því sagt á miðlum félagsins þegar þar að kemur.

Tvær afmæliskonur fengu glaðning frá félaginu, þær Helga Ósk Friðriksdóttir og Berglind Þorbergsdóttir. Berglind komst því miður ekki til fundar og fékk heimsendingu á afmælisglaðningnum en Helga Ósk var á staðnum og veitti sínum viðtöku frá formanni félagsins.

Boðið var upp á spilabingó undir stjórn formanns og ritara og var fjöldi vinninga af ýmsu tagi. Kaffihlaðborðið var ekkert minna en stórkostlegt og veitingarnar runnu ljúflega niður enda kaffinefnd þessa fundar bæði fjölmenn og góðmenn.

Rætt var um dagsferð félagsins sem áætlað er að verði farin **laugardaginn 13. september nk.** Vinnuheiti ferðarinnar ber yfirskriftina **SKVÍSUFERÐ Á SKAGANN** enda áætlað að fara upp á Akranes og kanna ýmis vel geymd leyndarmál þar í menningu, skemmtun og mat. Fundarkonur voru hvattar til að taka daginn strax frá.

Þar sem komið er að fundarhléi þá er næsti fundur áætlaður mánudaginn 1. september kl. 20:00 í Grensáskirkju.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.